



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Skólafærni

### Meðal efnis í Flórgoðanum:

- Bekkjamyndir og einstaklingsmyndir í 1., 4., 7. og 10. bekk
- Skólafærniámskeið fyrir forráðamenn nemenda í 1. bekk
- Fundur fyrir forráðamenn og nemendur í 10. bekk vegna samræmdra prófa
- Námsmat
- Hækkun matargjalds og gjalds í heilsdagsskóla

*Kæru nemendur,  
foreldrar / forráðamenn*

Skólastarf er nú hafið af fullum þunga að afloknu jólaleyfi.

Framundan er vorönn sem verður ströng og mikilvægt að allir leggist á eitt við að standa sig framúrskarandi vel. Námsmat í árgöngum verður aðallega í formi umsagna fyrir haustönnina. Þó verður prófað í 10. bekk. Settir hafa verið upp þrjú prófdagar, 26., 28. og 31. janúar, þar sem tvö próf verða hvern dag. Þessi árgangur þreytir samræmd próf í vor, próf sem eru nemendum mikilvæg vegna áframhaldandi náms og starfs í allri framtíð. Þau próf verða fyrstu stóru samræmdu prófin í Áslandsskóla. Þar verða verk nemenda lögð fyrir og menn uppskera þar eins og þeir

hafa sáð.

Framúrskarandi námsárangur er samspil margra þátta í skólastarfinu. Fyrst skal þó nefna vilja, metnað og þrautsegju nemandans sem verður að vera til staðar. Við það þætist markviss áætlanagerð kennarans og ítarleg innlagn á því námsefni sem lagt er til grundvallar. Þá þarf líðan nemandans að vera í góðu jafnvægi og námsaðstaða bæði í skóla og heima fyrir að vera viðunnandi. Áslandsskóli ætlar sér að vera í fremstu röð og því þurfa allir að leggjast á eitt. Allir hlekkirnir í keðjunni þurfa að vinna saman svo hún slitni ekki og eitthvað fari úrskeldis.

Stór hópur nemenda hóf nám í grunnskóla í fyrsta skipti í sl. haust. Við leggjum mikið upp úr því að taka vel á

móti nemendum og forráðamönnum þeirra og er einn liður í slíku starfi svokallað skólafærniámskeið. Það er haldið í samvinnu skólans, foreldrafélags og foreldraráðs. Námskeið þetta er í raun fyrsta skrefið á 10 ára samvinnuferli skólans og heimilis þessara ungu nemenda og væntum við góðrar þátttöku nú sem endranær.

Margar bekkjardeildir hafa tekið vel við sér í notkun skólafatnaðar sem er hluti skólareglna hér í Áslandsskóla. Nokkrar deildir geta gert mun betur og verður minnisblaði laumað í töskur á næstunni.

Skólakveðja  
**Leifur S. Gardarsson**  
Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is))



## Skólafærninámskeið fyrir forráðamenn nemenda í 1. bekk

Þegar nemendur hefja nám í grunnskóla verða ákveðin þáttaskil í lífi þeirra og fjölskyldunnar allrar og mikilvægt að foreldrar og starfsfólk skóla vinni saman að farsælli skólagöngu barnsins.

Í því skyni að leggja grunn að góðri samvinnu og ánægjulegu 10 ára samstarfi heimila og skóla ætla skólinn, foreldrafélag hans og foreldraráð að standa fyrir námskeiði fyrir foreldra og forráðamenn barna sem hófu nám í 1. bekk nú í haust. Námskeiðið kallast SKÓLAFÆRNI og er foreldrum og forráðamönnum að kostnaðarlausu. Fyrri hluti námskeiðsins verður haldinn **mánudaginn 17. janúar** og síðari hluti námskeiðsins verður haldinn **miðvikudaginn 19. janúar**. Námskeiðið hefst klukkan 18:00 báða dagana og lýkur stundvíslega klukkan 21:00. Boðið verður upp á léttan málsverð bæði kvöldin.

Dagskrá námskeiðsins er fjölbreytt og í höndum margra, bæði starfsmanna skólans, fulltrúa foreldra og gestafyrirlesara. Gert er ráð fyrir þátttöku beggja foreldra eða forráðamanna á námskeiðinu. Ömmur og afar, frænkur og frændur eða aðrir þeir sem standa barninu nálægt eru einnig boðin velkomin.

### Af hverju námskeið í SKÓLAFÆRNI?

1. Margir foreldrar 6. ára barna þekkja ekki nægilega vel þær aðstæður sem bíða barnsins í skólanum, né þarfir þeirra við upphaf skólagöngu.
2. Skólinn veit ekki alltaf hvaða væntingar foreldrar hafa til skólans og foreldrar þekkja ekki alltaf þær kröfur sem skólinn gerir til foreldra og heimila sem þýðir að hvorugur aðilinn er nægilega vel í stakk búinn til að uppfylla kröfur byggðar á eðlilegum og sanngjörnum forsendum.
3. Aukin þekking og áhugi foreldra á skólastarfi og aðstæðum barns í skólanum stuðlar að bættri líðan og auknum þroska barns.
4. Heimili og skóli eiga að standa saman að velferð barna, uppeldi þeirra og menntun.

Það er von þeirra sem að námskeiðinu standa að þessar kvöldstundir verði foreldrum og forráðamönnum bæði til fróðleiks og ánægju og marki upphaf að *10 ára farsælu samstarfi, foreldra, nemenda og skóla*.

Forráðamenn munu fá nánari kynningu bréfleiðis nokkrum dögum fyrir námskeiðið.



## Bekkjamyndir Einstaklingsmyndir

Myndatökur í 1., 4., 7. og 10. bekk verða á sal Áslandsskóla **þriðjudaginn 15.febrúar og miðvikudaginn 16.febrúar.** Minnt skal á að hér er eingöngu um tilboð að ræða, enda hópurinn stór sem stendur að Áslandsskóla og taka verður tillit til margbreytilegra óska.

Bjarni Jónsson frá Mynd Hafnarfirði mun annast myndatökuna. Skólinn fær ókeypis eintak af öllum bekkjarmyndum og hefur það ómetanlegt sagnfræðilegt gildi fyrir skólann. Þannig verða til myndir af öllum bekkjardeildum skólans frá upphafi.

*Bekkjarmynd kostar kr. 1.700.- Á allar bekkjarmyndir er ritað nafn nemenda og heiti bekkjar.  
Jafnframt er boðið upp á einstaklingsmyndatökur og kosta einstaklingsmyndir kr. 1.300.*

ATH! Við höfum breytt fyrirkomulaginu á einstaklingsmyndatökum. Myndatakan felur í sér þrjár mismunandi stærðir af myndum. Þær koma saman á einu spjaldi, myndirnar eru í eftirfarandi stærðum. Ein mynd 13x18cm, ein mynd 9x12cm og síðan fjórar passamyndir.

Vinsamlegast athugið, að ekki er hægt að panta myndir eftirá.

Nánari upplýsingar munu berast forráðamönnum viðkomandi bekkja þegar nær dregur ásamt pöntunarblaði.

VART ÞARF AÐ TAKA FRAM AÐ NEMENDUR MÆTA  
AUFVITAÐ Í SKÓLAFATNAÐINUM Í MYNDATÖKUNA,  
SEM AÐRA SKÓLADAGA.



## Fundur með nemendum í 10. bekk og forráðamönnum þeirra v/samræmdra prófa í vor

**Þriðjudaginn 1. febrúar kl. 18:00** verður fundur í fyrirlestrarsal með nemendum í 10. bekk og forráðamönnum þeirra.

Fundarefnið verður samræmd próf í 10. bekk í maí.

Á fundinum verður farið yfir próftökuna, val á prófum, undirbúning, markmiðssetningu og fleiri þætti er málefni varða.

Geysilega mikilvægt er að allir nemendur og allir forráðamenn mæti á fundinn.

### 9. bekkur í ungmenna- og tómstundabúðir

Nemendur í Jötunheimum, 9.-KJM, halda í ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum í Sælingsdal vikuna 25.-29. apríl næstkomandi.

Markmið búðanna er m.a. að:

- Efla sjálfstraust, samvinnu og tillitssemi
- Hvetja til sjálfstæðra vinnubragða
- Kynnast heimavistarlífi
- Fræðast um söguslóðir
- Fræðast um mikilvægi forvarna
- Kynna ábyrgð fjármála
- Fræðast um mikilvægi hollra lífnaðarháttá
- Kynnast jaðaríþróttum

Rétt er að geta þess að til þess að fara ferðina þurfa nemendur að hafa stundað námið af kostgæfni og ástundun þarf að vera mjög góð. Að öðrum kosti sækja nemendur hefðbundið nám í Áslandsskóla meðan hinir fara í ferðina.

**Nánar síðar.**

## Námsmat

Ekki verður almennt um eiginlega prófdaga að ræða í Áslandsskóla á haustönn, sem lýkur 1. febrúar 2005.

Þó þreyta nemendur í 10. bekk próf dagana 26., 28. og 31. janúar. Þá velja nemendur í það minnsta fjögur af þeim sex prófum sem haldin verða. Prófað verður í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði - samræmdum greinum.

Fyrirkomulagið verður þannig að prófað verður kl. 8:10 og 12:10, þannig lenda nemendur án efa í því að þreyta tvö próf sama daginn. Ekki verður um aðra kennslu að ræða í 10. bekk þessa daga. Kennnt verður skv. stundaskrá dagana í kringum þessa prófdaga.

Námsmat í öðrum bekkjardeildum verður þannig að prófað verður í kennslustundum og vitnisburður meira í umsagnarformi en tölustöfum.

## Hækkun gjalda

Bæjaryfirvöld hafa sent frá sér nýjar gjaldskrár fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar.


### Heilsdagsskóli

Lágmarksgjald pr. mánuð 3.700.– kr  
Klukkustundagjald 185.– kr/klst  
Hámarksgjald pr. mánuð 11.100.– kr

Systkinaafsláttur 25% með 2. barni  
Systkinaafsláttur 50% með 3. barni

### Matargjald nemenda

Matarskammtur 250.– kr



# S k ó l a m o l a r

**Kristjana Bjarnpórsdóttir** tók við kennslu í **Hulduheimum** nú um áramótin og hefur bekkurinn því hlotið einkennisstafina **2.-KB**.

Verið er að undirbúa ferð nemenda í 7. bekk til vikudvalar í skólabúðum á **Laugarvatni**.

Stefnt er að því að farið verði síðla aprílmánaðar.

**Stuðningsfulltrúa** vantar í **60% starf**.

**Starfskraft** vantar í **50% starf** í mötuneyti nemenda.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandss@ismennt.is

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað**  
**Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri